

1279. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. maí 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson varamaður, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir, Jennifer Schröder og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Næsti fundur: 11. júní 2025

Halla Gunnarsdóttir formaður bauð stjórnarfólk velkomið og óskaði eftir dagskrárbreytingu, bætt yrði við liðnum Regluleg lán til félagsfólks vegna gjaldþrota sem verði liður nr. 8, og aðrir liðir færist til í samræmi við það.

Engin athugasemd barst við þetta.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1278. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla lagði fram fundargerð 1278. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til undirritunar rafrænt.

2. Kjaramál – staðan

Halla skýrði frá því að hún hafi hitt forsætisráðherra Krístrúnu Frostadóttur á fundi fyrr í vikunni. Helsta umræðuefnið var staðan á húsnæðismarkaði en auk þess var rætt um tillögur stjórnvalda um að auka valdheimildir ríkissáttasemjara og niðurfellingu samsköttunar hjóna. Halla sagði að það síðastnefnda hafi verið tekið til ítarlegrar umræðu innan trúnaðarráðs. Þá hafi forsætisráðherra sagt að ekki kæmi til greina að auka valdheimildir ríkissáttasemjara nema að undangengnu samráði við verkalýðshreyfinguna. [Sjá [frétt á vef VR](#).]



Þá sagði Halla frá því að fundað hafi verið um stöðuna í viðræðum við Ícelandair vegna vinnufyrirkomulags í farþegarafgreiðslu en hluti starfsfólks þar er á s.k. stubbavöktum eða tveimur styttri vöktum sama dag sem að mati VR er óásættanlegt fyrirkomulag. Ríkissáttasemjari leiðir viðræðurnar. Þá eru einnig í gangi viðræður við Newrest sem tók við rekstri flugeldhúss Ícelandair en Newrest vill ekki halda áfram sérkjarasamningi starfsfólksins. Boðið hafi verið upp á fyrirtækjasamning sem feli í sér lakari kjör en áður en við aðilaskipti eigi hins vegar réttindi að halda sér. Ef þörf krefur, mun VR leita til dómstóla vegna málsins.

Þá ræddi Halla um stöðu starfsfólks í Fríhöfninni sem nú hefur verið seld til þýska fyrirtækisins Heinemann. Starfsfólk Fríhafnarinnar er í Sameyki en með sölunni er Fríhöfnin ekki lengur í rekstri hins opinbera. Starfsfólk í þeirri verslun á heima í VR, sagði Halla. Heinemann er því sammála en Sameyki hefur lýst því yfir að starfsfólk geti og eigi að vera áfram í Sameyki. Halla sagði mikilvægt að Heinemann og Sameyki ljúki málinu, hjá Fríhöfninni sé í gildi sérkjarasamningur sem VR telur mikilvægt að haldi sér við aðilaskiptin. Formaður Sameykis hafi hins vegar sent bréf til félagsfólks síns þar sem gefið er í skyn að VR hafi gert kjarasamning við Heinemann, sem sé alrangt. VR leggur höfuðáherslu á að réttindi starfsfólks haldist, sagði Halla, og segir ljóst að starfsfólkið eigi heima í VR.

Af vettvangi ASÍ sagði Halla frá því að verðlagseftirlit leiði í ljós hækkandi verð dagvöru sem VR þurfi að hafa góðar gætur á. Þá er komin af stað vinna nefndar um að brúa bilið milli fæðingarorlofs foreldra og vinnu og á Halla sæti í þeirri nefnd. Varamaður Höllu er Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Halla benti á að afstaða Sólveigar Önnur væri á skjön við áherslur VR, meðal annars styddi hún Kópavogsmódelið svokallaða og tekjutengingu leikskólagjalda sem kæmi illa við stærstan hluta félagsfólks VR.

Að lokum sagði Halla frá því að VR hefði ráðist í gerð á hlaðvörpum í tengslum við kvennaár 2025, gerð verði 5 hlaðvörp þar sem talað væri við konur í VR.

Umræður

Í umræðum var rætt um félagsaðild og ítrekað að VR hafi óskað eftir formannafundi ASÍ um málið. Halla sagði erindi hafa verið ASÍ um þetta og því yrði fylgt eftir.

3. Starfsreglur stjórnar og reglur um kjörgengi

Fyrir fundinum lágu skjölin „3. Starfsreglur stjórnar VR“, „3.1 Reglur stjórnar um kjörgengi og tengda aðila, breytingar maí 2025“ og „3.2 Starfsreglur stjórnar VR breytingar frá Bjarna Þór“ til afgreiðslu. Starfsreglurnar lágu á milli funda.

Halla kynnti tvær tillögur að breytingum á starfsreglum stjórnar frá Bjarna Þór Sigurðssyni stjórnarmanni.



Fyrri tillagan er breyting í kaflanum Upplýsingagjöf til stjórnar en þar er lagt til að setningu verði bætt við neðst í kaflanum:

„Ef óskað er eftir gögnum vegna liða í útsendri dagskrá stjórnarfundar er hægt að óska eftir þeim fjórum dögum fyrir boðaðan fund.“

Tillagan lögð fyrir og samþykkt samhljóða.

Kaflinn er þá svohljóðandi (breytingar í rauðu):

„Upplýsingagjöf til stjórnar

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu vera aðgengileg á vef stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau afhent öllum stjórnarmönnum á stjórnarfundum. Óskir um gögn skulu send á formann, með tölvupósti, að minnsta kosti 7 dögum fyrir næsta stjórnarfund ef ætlunin er að fá þau afhent á næsta stjórnarfundum. Ef óskað er eftir gögnum vegna liða í útsendri dagskrá stjórnarfundar er hægt að óska eftir þeim fjórum dögum fyrir boðaðan fund.“

Seinni tillagan er breyting í kaflanum Fundir stjórnar og er lagt til að bæta við málsgrein (sem verði þriðja málsgrein):

„Almennt er gert ráð fyrir að stjórnarmenn mæti á staðfundum. Ef stjórnarmaður kemst ekki og óskar eftir að taka þátt í gegnum fjarfund, skal hann tilgreini ástæðu þess. Ef það er ekki mögulegt að mæta og ekki liggur fyrir sérstök ástæða, er viðkomandi hvattur til að boða varamann í sinn stað.“

Eða

Meginreglan er að stjórnarfolk mæti á staðfundum. Ef stjórnarmaður getur ekki verið viðstaddur á staðnum og óskar eftir að taka þátt í fjarfundum, skal hann tilgreina rökstudda ástæðu. Að öðrum kosti ber viðkomandi að boða varamann í sinn stað.“

Umræður

Eftir umræður var tillaga um að færa fyrstu setningu í fyrri hluta tillögunnar í aðra málsgrein lögð fyrir fundinn:

„Almennt er gert ráð fyrir að stjórnarmenn mæti á staðfundum.“

Samþykkt samhljóða.

Kaflinn er þá svohljóðandi (breytingar í rauðu):

„Fundir stjórnar

Stjórn skal á fundum fjalla um allar ákvarðanir varðandi stefnumótun félagsins. Á vinnufundum stjórnar eru tekin fyrir málefni sem þarfnast sérstakrar athygli og/eða stefnumörkunar.

Fundir stjórnar skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni eða stjórn. Miða skal við að einn fundur á ári sé haldinn á starfssvæði VR utan Reykjavíkur. Heimilt er að halda fundi stjórnar í gegnum fjarfundarbúnað. Eins geta fundir verið blandaðir þannig að hluti fundarfólks sé á staðfundi og hluti á fjarfundi. **Almennt er gert ráð fyrir að stjórnarmenn mæti á staðfundi.** Það fundarfólk sem er á fjarfundi skal vera í mynd á fundinum.

Fundir stjórnar skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni eða stjórn. Miða skal við að einn fundur á ári sé haldinn á starfssvæði VR utan Reykjavíkur. Heimilt er að halda fundi stjórnar í gegnum fjarfundarbúnað. Eins geta fundir verið blandaðir þannig að hluti fundarfólks sé á staðfundi og hluti á fjarfundi. Almennt er gert ráð fyrir að stjórnarmenn mæti á staðfundi. Það fundarfólk sem er á fjarfundi skal vera í mynd á fundinum.“

Starfsreglur stjórnar VR með samþykktum breytingum verða birtar í stjórnargátt.

Þá ræddi Halla tillögur að breytingum á kjörgengi stjórnarfólks en stjórn ber samkvæmt reglum að skila inn eyðublaði með upplýsingum vegna mats á hæfi til setu í stjórn. Í lögum VR segir að missi stjórnarmaður kjörgengi beri honum að víkja tafarlaust úr stjórn. Efla þarf eftirliti með að stjórnarfólk uppfylli kjörgengi skili inn tilskildum gögnum. Til að mynda er hefur einn stjórnarmaður ekki skilað inn gögnum sem skila átti þann 1. febrúar sl.

Tillaga er lögð fram um breytingu á reglum um hæfi þannig að ef stjórnarmaður skilar ekki gögnum á tilskildum tíma, missi viðkomandi kjörgengi þar sem ekki er hægt að staðfesta að hann uppfylli hæfisskilyrði. Bætt verði við setningu í lok gr. 4. sem hér segir:

„Ef útfylltu eyðublaði er ekki skilað inn fyrir tilsettan tíma er litið svo á að stjórnarmaður hafi misst kjörgengi til setu í stjórn VR.“

Umræður

Samykkt samhljóða.

4. gr. í Reglum stjórnar VR um kjörgengi og tengda aðila um skil á gögnum er þá svohljóðandi (**breyting í rauðu**):

Til að viðhalda kjörgengi þarf allt stjórnarfolk að skila inn eyðublaði með upplýsingum um kjörgengi fyrir 1. febrúar ár hvert. Öll útfyllt eyðublað skulu vera aðgengileg öllu stjórnarfolki í vefgátt stjórnar.

Á eyðublaðinu skal koma fram:

1. Nafn og kennitala stjórnarmanns.
2. Starf sem unnið er á starfssviði VR með starfslýsingu.
3. Nafn og kennitala maka stjórnarmanns. Með maka er átt við aðila sem er í hjúskap með stjórnarmanni skv. hjúskaparlögum nr. 31/1993.
4. Nafn og kennitala ófjárráða barns/barna stjórnarmanns.
5. Hvort stjórnarmaður sé fullgildur félagi í VR.
6. Hvort stjórnarmaður hafi verið úrskurðaður gjaldproti.
7. Hvort stjórnarmaður hafi hlotið dóm fyrir refsverðan verknað.
8. Yfirlit yfir stjórnarsetu stjórnarmanns og maka hans.
9. Yfirlit yfir eignarhluti stjórnarmanns, maka og ófjárráða barna í félögum/fyrirtækjum þar sem eignahlutur er yfir 5%.

Við skil á eyðublaðinu staðfestir stjórnarmaður að allar upplýsingar sem fram koma á eyðublaðinu séu réttar og allt sem upplýsa á komi þar fram.

Kjörstjórn skal meta hæfi stjórnarfólks til setu í stjórn VR, samkvæmt lögum félagsins, árlega eða fyrir 20. febrúar ár hvert. **Ef útfylltu eyðublaði er ekki skilað inn fyrir tilsettan tíma er lítið svo á að stjórnarmaður hafi misst kjörgengi til setu í stjórn VR.**

Gabriel Benjamin fór af fundi kl. 18:30.

Bjarni Þór Sigurðsson fór af fundi kl. 18:45.

4. Starfssamningur formanns VR

Fyrir fundinum lá skjalið „4.0 Starfssamningur formanns VR“ til afgreiðslu.

Halla Gunnarsdóttir formaður vék af fundi undir þessum dagskrárlið og varaformaður, Ólafur Reimar Gunnarsson, tók við fundarstjórn.

Ólafur gaf Sigríði Lovísu Jónsdóttur, formanni launanefndar VR, orðið. Lovísa fór yfir starfssamning formanns VR. Hún benti sérstaklega á 2. gr. samningsins og ákvæði um uppsagnarfrest formanns en ákvæðið er svohljóðandi:

„Formaður sinnir störfum fyrir félagið á hverju kjörtímabili, sem hann er kjörin til, og er samningur þessi því óuppsegjanlegur af hálfu félagsins á meðan það varir. Formaður á rétt á launum án starfsframlags í sex mánuði er hann lætur af starfi og/eða formennsku. Nú tekur formaður við nýju starfi áður en sex mánaða tímabilið er liðið skulu þá launagreiðslur falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja er jöfn eða hærri en launagreiðslur eru frá VR. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex mánaða tímabilsins.“

Starfshlutfall formanns er 100%. Mánaðarlaun fyrir 100% starf eru 1.438.079 kr. og eru það heildarlaun fyrir störf formanns fyrir félagið.

Samningurinn var lagður fyrir fundinn og samþykktur samhljóða.

Þá fór Lovísa yfir ósk formanns um fullt orlof á orlofsárinu 2025 – 2026 en ávinnsla formanns er nú um 15 dagar.

Umræður.

Lagt er til að formaður fái fullt orlof, 30 daga, á orlofsárinu. Greidd voru atkvæði og féllu þau sem hér segir:

Hlynnt voru 7 en andvíg 4. Tillagan telst samþykkt.

Halla kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn að atkvæðagreiðslu lokinni.

5. Tillaga að nýju styrkjakerfi

Fyrir fundinum lágu skjölin „5.0 Tillaga að nýju styrkjakerfi“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla minnti á að stjórn þarf að ljúka umfjöllun um tillögur að nýju styrkjakerfi eigi síðar en á fundi hennar í júní, fyrirhugað er að leggja tillögurnar fyrir í atkvæðagreiðslu félagsfólks þar sem greidd verði atkvæði milli hennar og VR varasjóðs. Á síðasta fundi hafi verið ákveðið að kynntar yrðu útfærslur á kerfinu með styrkjum fyrir tannlæknakostnaði inni og hærri fæðingarstyrk en áður var gert ráð fyrir.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, kynnti tillögur á glærum. Hann byrjaði á því að fara yfir núverandi kerfi, VR varasjóð, og tillögu að nýju kerfi án tannlæknakostnaðar, en það var kynnt ítarlega á vinnufundi stjórnar í apríl og sjá má í fundargerð þess fundar.

Að því loknu fór hann yfir kostnaðarmat styrkjakerfisins með styrk til tannlækninga inni. Ef slíkum styrk yrði bætt við þyrfti að lækka styrki til annarra þátta til að kostnaðarmat yrði sambærilegt og nú er í VR varasjóði þar sem ljóst þykir að mikill fjöldi félagsfólks myndi nýta sér tannlæknastyrk. Skerðing á öðru styrkjum fæli m.a. í sér lækkun á styrk til líkamsræktar úr 25 þ.k.r í 17 þ.kr., á orlofsstyrk úr 25 þ.k. í 18 þ.kr. og fæðingarstyrk úr 100 þ.k. í 60 þ.kr.

Umræður

Í umræðum var m.a. rætt um nýtingu á framlagi úr orlofssjóði í heildarkostnað styrkjakerfisins en ljóst er að framlag orlofssjóðs er umfram það sem áætlað er að verði nýtt í orlofsstyrki.

Miklar umræður urðu um styrki fyrir tannlæknakostnaði og skoðanir skiptar.

Miklar umræður urðu um kynningu á málinu þega það fer í atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks, að félögum verði ljóst kostir og gallar beggja kerfa.

Samþykkt var að skrifstofa VR vinni áfram tillögur vegna fæðingarstyrks og fjármögnun hans, einkum innan VR varasjóðs en stjórn hefur samþykkt að taka upp fæðingarstyrk, burt séð frá niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um framtíðarskipan styrkja hjá félaginu.

Samþykkt var að málið í heild myndi liggja milli funda og ef stjórnarfolk hefur tillögur til breytinga, verði þær ræddar á fundi stjórnar í júní, en að þeim fundi loknum verður að liggja fyrir niðurstaða um fyrirkomulag þessa valkosta við VR varasjóð.

6. Þriggja mánaða uppgjör VR og lykiltölur

Fyrir fundinum lágu skjölin „6.0 Árshlutareikningur VR janúar til mars 2025“, 6.1 Árshlutareikningur VR sundurliðaður á sjóði“ og „6.2 Lykiltölur VR janúar til mars 2025“ til kynningar.

Stefán fór yfir þriggja mánaða uppgjör. Félagsfólki fækkaði lítillega milli ára en félagsgjöld hafa ekki öll skilað sér fyrir marsmánuð og miðað við fyrri reynslu má gera ráð fyrir að fjölgun milli ára verð um 0,8%, í áætlun var gert ráð fyrir 1,5% aukningu á tímabilinu. Félagsfolk VR er um 18,5% af vinnumarkaði. Samdráttur er í ásókn félagsfólks í rafræna þjónustu og á vef frá sama tíma 2024 en aukning í afgreiðslum. Að hluta má rekja þetta til þess að á þessum tíma fyrir ári voru kjarasamningaviðræður í gangi og kjarasamningar undirritaður í mars en þá mældist aukning í ásókn á t.d. vef og Mínar síður frá sama tíma árið 2023.

Nýting orlofshúsa er 70,5% fyrstu þrjá mánuði ársins en var 69% á síðasta ári, aukning er í fjölda sem sækja styrk úr starfsmenntasjóðum og dagpeningagreiðslur hækka á milli ára en eru þó undir áætlun. Þegar litið er til tekna og gjalda er rekstur félagsins nánast á áætlun.

Umræður

7. Undirbúningur fyrir næstu kjarasamninga

Fyrir fundinum lá skjalið „7.0 Minnisblað um næstu kjarasamninga“ til kynningar.

Halla sagði tvö stærstu verkefni stjórnar félagsins þau að undirbúa næstu kjarasamninga og endurskoða skipulags félagsins.

Áformað sé að hefja undirbúning næstu kjarasamninga fyrr en áður hefur verið gert. Ekki liggja hins vegar fyrir ítarlegar skriflegar leiðbeiningar um það hvernig félagið á að háttta slíkum undirbúningi að því undanskildu að í lögum er ákvæði um samninganefnd.

Þarfir VR eru hins vegar mismunandi í hverjum kjarasamningaviðræðum og sveigjanleiki nauðsynlegur, sagði Halla. Að því sögðu er hins vegar mikilvægt að stjórn setji sér verklagsreglur um ferli kjaraviðræðna. Núgildandi kjarasamningur rennur út í lok febrúar árið 2028.

Lagt er til í minnisblaðinu að kjaramálanefnd leggi drög að undirbúningi fyrir næstu kjaraviðræður. Þar verði farið yfir hvaða lærdóm megi draga af síðustu samningum, sett verði niður verklag og tímalína fyrir kröfugerð næstu kjarasamninga og tillögur um viðræðunefnd í næstu samningaviðræðum svo eitthvað sé nefnd.

Umræður

Halla óskar eftir að lengja fundinn um hálf tíma, engar athugasemdir voru gerðar.

8. Reglur um lán til félagsfólks vegna gjaldþrota

Fyrir fundinum lá skjalið „9.0 Minnisblað um reglur vegna lánveitinga við gjaldþrot“ til kynningar og afgreiðslu.

Stjórn VR samþykkti árið 2019 reglur um lán til félagsfólks vegna gjaldþrota fyrirtækja í þeim tilfellum þegar félagar fá ekki greidd laun en stundum líður nokkur tími þangað til Ábyrgðarsjóður launa greiðir laun vegna gjaldþrota. Reglurnar eru hins vegar ekki nógu skýrar til að ná yfir gjaldþrot sem verða um mánaðamót. Lagt er til að skýrt verði að reglurnar nái yfir gjaldþrot um eða nærri mánaðamótum.

Breyting verður gerð á lið #2 í 4. gr. reglnanna sem verður þá svona (breyting í rauðu):

„Gjaldþrotið þarf að eiga sér stað í þeim mánuði sem laun eru ekki greidd fyrir **eða mjög nærri mánaðarmótum**.“

Samþykkt

9. Tilnefningar

a. Skipun í Öldungaráð VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „8a Tilnefning í Öldungaráð VR“ og „8b. Skipun í Úrskurðarnefnd VR“ til afgreiðslu.

Kosningar fóru fram í Öldungaráð VR 31. mars til 3. apríl sl. og voru eftirtalin kosin: þrír aðalmenn þau Steinar Viktorsson, Hafðís Erla Kristinsdóttir og Erla Halldórsdóttir, og tveir varamenn þau Halldór Þór Wium Kristinsson Inga Þyri Kjartansdóttir.

Samkvæmt reglum ráðsins á stjórn að skipa þrjá aðalmenn. Núverandi fulltrúar stjórnar, Bjarni Þór Sigurðsson og Ólafur Reimar Gunnarsson hafa lýst yfir áhuga á að vera áfram. Þá bauð Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir sig fram. Öll þrjú fengu samþykki fundarins og sitja í ráðinu fyrir hönd stjórnar.

b. Skipun í Úrskurðarnefnd VR

Í Úrskurðarnefnd VR sitja formaður auk tveggja frá skrifstofu VR og stjórnarmaður. Eldar Ástþórsson bauð sig fram í nefndina og var það samþykkt.

c. Bjarg, skipun í stjórn og fulltrúaráð

Halla skýrði frá því að Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, hafi óskað eftir að fá sæti í stjórn Bjargs. Hún lagði til að Selma Björk Grétarsdóttir verði áfram varamaður. Þá hefur Bjarni Þór Sigurðsson lýst yfir áhuga á að sitja áfram í fulltrúaráði Bjargs og Ólafur Reimar Gunnarsson jafnframt. Þetta var allt samþykkt.

Hvað varðar aðrar skipanir lagði Halla fram tillögu að skipan 3ja fulltrúa í fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins Eirar, þau Sigurð Sigfússon og Sigrúnu Guðmundsdóttur sem sátu fyrir í ráðinu og Hafðísi Erlu Kristinsdóttur. Það var samþykkt.

Þá lagði Halla til að Diljá Ámundadóttir Zoega verði skipuð varamaður í stjórn Virk starfsendurhæfingarsjóðs. Það var samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:55.